



Ársskýrsla 2013



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Útgefandi: Ríkislögreglustjórinn

www.rls.is

www.logreglan.is


www.almannavarnir.is

Ritstjórn: Íris Marelsdóttir og Ólafur Örn Bragason

Sviðsstjórar og deildarstjórar hjá ríkislögreglustjóra tóku saman efnið

Uppsetning: Svansprent ehf.

Útgefið: Júní 2014



Ríkislögreglustjórnin

Ársskýrsla 2013

Starfsemi og rekstur

Efnisyfirlit

Frá ríkislögreglustjóra	4
Rekstur embættis RLS	5
Rekstrarreikningur	5
Gæðastarf og umbætur	5
Starfsmenn ríkislögreglustjóra	7
Yfirlit yfir verkefni RLS 2013	8
Umsjón með ökutækjum lögreglunnar	8
Umsjón með tölvuneti og upplýsingatæknibúnaði lögreglu	10
Spjaldtölvur í lögreglubifreiðar	10
Breytingar á ökuskiptakerfinu	10
Starfsemi almannavarnadeildar	11
Rannsóknarverkefnið FutureVolc	12
Samhæfingarstöðin	13
Heildarhættumat vegna eldgosa	13
Gerð viðbragðsáætlaða árið 2013	13
Almannavarnaæfingar árið 2013	14
Starfsemi fjarskiptamiðstöðvar ríkislögreglustjóra	14
Verkefni sérsveitar	15
Almenn löggæsluverkefni sérsveitar	16
Brottvísanir og frávísanir refsifanga og hælisleitenda	17
Upplýsingatækni og skrásetning verkferla alþjóðadeildar	18
Menntun og þjálfun starfsmanna alþjóðadeildar	18
Bakgrunnsathuganir og öryggisvottanir	19
Kennslanefnd	20
Tengslafulltrúi hjá Europol	20
Móttaka tilkynninga um ætlað peningabætti	20
Sérstakt umferðarefirlit	21
Stafrænar hraðamyndavélar	21
Þróun afbrota	21
Eftirlit og öryggi stjórnarráðsins	22
Starfsmenn lögreglu	24
Fjöldi lögreglumanna við störf 1. febrúar 2013	24
Fjöldi auglýstra staða lögreglumanna árið 2013	25
Lausn frá embætti	25
Skilvirk úrræði fyrir þolendur kynferðisbrota	26
Jafnréttismál	26
Viðburðir, ráðstefnur og erlent samstarf	27
Summary in English	30

Frá ríkislögreglustjóra

Í inngangi mínum að fyrstu ársskýrslu embættis ríkislögreglustjóra fyrir árin 1997–1998 sagði meðal annars:

„Ríkislögreglustjóraembættið hefur beitt sér fyrir innbyrðis samvinnu lögregluliðanna 27 og samstarfi tolla- og lögregluyfirvalda. Vel hefur tekist til og hugleiða má, þegar til framtíðar er litið hvort eigi væri skynsamlegt að sameina lögregluliðin og fækka lögregluumdæmum, og setja yfir þau lögreglustjóra sem eingöngu sinntu lögreglustjórn. Að því má leiða rök að slíkar grundvallarbreytingar á skipulagi lögreglunnar í landinu og aðskilnaður sýslumannsstarfa og lögreglustjórastarfa hefði í för með sér öflugri, skilvirkari og kostnaðarminni starfsemi en nú þekkest.“

Eins og sjá má af þessari tilvitnun hef ég frá upphafi starfs míns sem ríkislögreglustjóri haft þá sannfæringu og lagt ríka áherslu á að breytt lögregluskipan sé grundvöllur að öflugri lögreglu.

Með lögum nr. 50/2014 og lögum nr. 51/2014 hefur ný sýslumanns- og lögregluskipan tekið gildi í landinu. Nú gefast lögreglustjórunum níu og starfsfólki lögregluumdæmanna tækifæri til að takast á við nýjar áskoranir sem ein liðsheild.

Á þessum tímamótum er við hæfi að þakka Ögmundi Jónassyni, fyrrverandi innanríkisráðherra, og Hönnu Birnu Kristjánsdóttur, innanríkisráðherra.

Júní 2014

Haraldur Johannessen
ríkislögreglustjóri

Rekstur embættis RLS

Rekstrarreikningur

Tafla 1. Rekstur embættis ríkislögreglustjóra í tölum árið 2013.¹

Ríkislögreglustjóri	2013	2012
- 01 Laun	1.051.315.888	1.050.834.954
- 02 Ferðir og fundir	59.736.700	43.996.870
- 03 Rekstrarvörur	48.539.375	38.917.458
- 04 Aðkeypt þjónusta	329.308.212	272.337.446
- 05 Húsnæði	139.046.120	125.331.255
- 06 Bifreiðar og vélar	310.369.461	301.305.643
- 07 Rekstrarkostnaður	126.270.443	75.664.908
Rekstrargjöld alls	2.064.586.199 kr.	1.908.388.534 kr.
08 Sértekjur	- 712.735.700	- 704.377.858
10 Framlag ríkissjóðs	- 1.340.800.000	- 1.291.400.000
Fjárheimildir og tekjur	- 2.053.535.700	- 1.995.777.858
Rekstrarniðurstaða	- 11.050.499	87.389.324

Gæðastarf og umbætur

Árið 2013 var áhersla lögð á gæðastarf og umbætur í starfsemi embættisins. Handbók embættisins var endurnýjuð undir forystu gæðateymis. Endurnýjuð handbók er rafræn og vistuð á nýjum innri vef embættisins. Árið 2013 voru 49 skjöl gefin út í handbókinni sem skipt er upp í 9 kafla. Að auki voru 34 skjöl gefin út í handbókum deilda og eru þau skjöl vistuð á svæðum hvernar deildar á innri vef. Þá voru starfslýsingar, samtals 96, uppfærðar og vistaðar á innri

¹ Athugið að tölur um rekstur embættisins í meðfylgjandi töflu eru ekki sambærilegar við þær sem birst hafa í ársskýrslum fyrri ára þar sem rekstur Bílamiðstöðvar ríkislögreglustjóra var ekki inni í þeim tölum en er nú birtur í meðfylgjandi töflu.

vefnum. Hér má sjá yfirlit yfir þá kafla sem unnið var í á árinu 2013 ásamt fjölda skjala í hverjum fyrir sig.

- | |
|--|
| 1. kafli UM HANDBÓK RLS – 4 skjöl |
| 2. kafli STEFNUSKJÖL – 4 skjöl |
| 3. kafli HUGTÖK OG SKILGREININGAR – 1 skjal |
| 4. kafli STARFSEMI RLS – 4 skjöl |
| 5. kafli FJÁRMÁLASTJÓRN – 2 skjöl |
| 6. kafli MANNAUÐSSTJÓRN – 23 skjöl |
| 7. kafli SAMSKIPTI – 9 skjöl |
| 8. kafli SKJALASTJÓRNUN – 2 skjöl |

Í júlí 2013 var nýtt skjalakerfi, Gopro.net, tekið í notkun hjá embættinu. Í kjölfarið var ráðinn skjalastjóri frá 18. nóvember 2013. Skjalastjóra er ætlað að móta verklagsreglur við skjala- og upplýsingastjórnbættisins og uppfæra málalýkil.

Gildi embættisins, **fagmennska, traust og samvinna**, voru unnin á starfsdegi embættisins í september undir handleiðslu Gylfa Dalmanns Aðalsteinssonar, lektors við Háskóla Íslands. Í kjölfar starfsdagsins bauð Gylfi starfsmönnum og stjórnendum upp á fræðslu um gildi starfsmannasamtala. Síðan fóru starfsmannasamtöl fram í öllum deildum embættisins. Sérstakur umbótahópur hélt áfram störfum en hann hefur það verkefni að vinna úr tillögum sem berast frá starfsmönnum embættisins um úrbætur á starfsumhverfi og beina þeim í réttan farveg. Hópurinn vann að 79 verkefnum árið 2013. Nýr innri vefur ríkislögreglustjóra var tekinn í notkun á árinu, **lind.tmd.is**, og er hann hluti af sameiginlegum innri vef fyrir alla lögregluna í landinu. Notendur á vefnum eru samtals 997 og aðgang að svæði embættis ríkislögreglustjóra hafa 118 notendur. Þessi vefur er gerður í veflausninni Sharepoint og breytingasaga skjala sem þar eru vistuð er skráð og einnig ábyrgðaraðili hvers skjals.

Starfsmenn ríkislögreglustjóra

Mikið vinnuálag einkenndi árið 2013. Fimm sérfræðingar létu af störfum og jafnmargir voru ráðnir. Engir lögreglumenn hættu störfum hjá embættinu. Í heildina stóð starfsmannafjöldi í stað, var 110 í upphafi og lok árs. Starfsmannavelta er skilgreind sem hlutfall þeirra starfsmanna sem hætta störfum á tilteknu ári af heildarfjölda starfsmanna í árslok (sjá töflu 2).

Tafla 2. Fjöldi starfsmanna RLS, kyn, tapaðar vinnustundir og starfsmannavelta.

Fjöldi starfsmanna 31.12.2012	110 starfsmenn, 108 stöðugildi
Fjöldi starfsmanna 31.12.2013	110 starfsmenn, 108 stöðugildi
Hlutfall kvenna af lögreglumönnum	Af 75 lögreglumönnum eru 4 konur, eða 5%
Hlutfall kvenna af borgaralegum starfsmönnum	Af 35 borgaralegum starfsmönnum eru 14 konur, eða 40%
Hlutfall tapaðra vinnustunda vegna veikinda, slysa og veikinda barna	11.761 vinnustund, eða 5,1% (tæplega 5 ársverk)
Starfsmannavelta – allir	4,5%
Starfsmannavelta – lögregla	0,0%
Starfsmannavelta – borgaralegir	14,2%

Yfirlit yfir verkefni RLS 2013

Umsjón með ökutækjum lögreglunnar

Lögreglan hefur 143 ökutæki til ráðstöfunar og hefur þeim fækkað um tvö frá fyrra ári. Heildarakstur ársins var 3.423.578 km og hefur akstur lögreglunnar dregist saman um 38% frá árinu 2007 en þá var aksturinn 5.521.861 km. Á þessum sjö árum hefur akstur lögreglu-bifreiða minnkað um tvær milljónir kílómetra og meðalaldur ökutækja hefur hækkað úr 3,2 árum í 4,0 ár. Markmið er að ökutæki lögreglu verði ekki eldri en þriggja ára.

Tafla 3. Akstur ökutækja lögreglu frá árinu 2007 til 2013 og hlutfallsleg breyting á milli ára.

	2010	2011	2012	2013
Ríkislögreglustjórinn	436.919	412.783	325.118	297.097
Lögregluskólinn	8.853	13.417	29.510	15.119
Lögreglan á höfuðb.sv.	1.539.380	1.383.355	1.357.251	1.284.760
Lögr. Akranesi	71.400	65.092	67.323	62.728
Lögr. Borgarnesi	127.322	108.281	95.498	93.329
Lögr. Snæfellsnesi	110.621	108.092	111.292	82.304
Lögr. Vestfjörðum	171.279	171.013	120.775	138.354
Lögr. Blönduósi	105.160	111.073	96.665	91.181
Lögr. Sauðárkróki	52.067	43.887	40.926	43.041
Lögr. Akureyri	211.572	210.351	217.408	197.943
Lögr. Húsvík	113.570	111.234	99.554	104.660
Lögr. Seyðisfirði	110.131	107.009	97.659	106.255
Lögr. Eskifirði	166.240	161.524	149.325	149.767
Lögr. Hvollsvelli	213.332	176.414	145.986	135.631
Lögr. Vestm.eyjum	48.395	42.216	44.489	43.026
Lögr. Selfossi	257.184	254.601	262.113	232.454
Lögr. Suðurnesjum	479.996	462.173	387.311	345.929
Samtals	4.223.421	3.942.515	3.648.203	3.423.578
Hlutfallsleg breyting á milli ára	-6,6%	-6,7%	-7,5%	-6,2%


Starfshópur á vegum ríkislögreglustjóra hefur unnið að því á undanförunum árum að fækka tjónum sem verða á ökutækjum

lögreglunnar. Það sem skýrir aukinn tjónakostnað í ár er tjón er varð á nýlegri lögreglubifreið hjá lögreglustjóranum á Snæfellsnesi. Lögreglumenn voru í forgangsakstri er hestur hljóp í veg fyrir bifreiðina rétt við afleggjarann að Kvíabryggju. Áhöfn bílsins slapp án teljandi meiðsla enda bifreiðin vel búin öryggisbúnaði. Það sama verður ekki sagt um bifreiðina en áætlaður kostnaður vegna tjónsins er um 10 milljónir kr.


Tafla 4. Fjöldi og kostnaður tjóna á ökutækjum lögreglu frá 2009 – 2013.

	2009	2010	2011	2012	2013
Fjöldi tjóna	108	96	80	33	74
Fjárhæð tjóna	5.394.219 kr.	8.332.279 kr.	7.360.501 kr.	4.646.475 kr.	17.434.163 kr.

Á árinu 2013 voru pantaðar 12 nýjar lögreglubifreiðar og fjögur lögreglubifhjól og fóru ökutækin í notkun hjá átta lögregluliðum. Þetta er svipaður fjöldi og undanfarin ár. Lögregluökutækin voru búin fullkomnum sérþúnaði fyrir lögreglu. Starfshópur ríkislögreglustjóra fylgdist með því að nýju ökutækin stæðust nauðsynlegar kröfur samkvæmt 2. gr. í reglum um ökutæki lögreglunnar. Fjórar bifreiðar fóru til lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu ásamt þremur lögreglubifhjólum, ein lögreglubifreið fór til lögreglustjóranna á Akranesi, í Stykkishólmi, á Seyðisfirði, Hvolsvelli og í Borgarnesi hvers, og ein lögreglubifreið ásamt lögreglubifhjóli til lögreglustjórans á Suðurnesjum. Að auki var ein lögreglubifreið standsett fyrir sérsveit ríkislögreglustjóra. Ríkislögreglustjóri hefur haldið úti óbreyttum gjaldflokkum á ökutækjum þrátt fyrir aukið viðhald og meiri rekstrarkostnað. Það sem hefur meðal annars stuðlað að óbreyttum gjaldflokkum er að jafnvægi hefur verið á eldsneytisverði á árinu en eldsneytisverð vegur þungt í rekstrarkostnaðinum.



Mynd 1. Þróun bensínverðs árin 2012 og 2013 eftir mánuðum.



Mynd 2. Þróun dísilolíuverðs árin 2012 og 2013 eftir mánuðum.

Umsjón með tölvuneti og upplýsingatæknibúnaði lögreglu

Upplýsingatæknideild ríkislögreglustjóra hefur umsjón með rekstri lokaðs víðnets lögreglunnar og sameiginlegu IP-símkerfi, auk umsjónar með öllum miðlægum kerfum lögreglunnar og dreifingu á hugbúnaði til lögregluembættanna. Á neti lögreglunnar eru um 1.100 notendur á 65 starfstöðvum. Á fyrsta ársfjórðungi var gangsett nýtt upplýsingakerfi vegna Schengen-samstarfsins. Á síðari hluta ársins var allur miðjubúnaður tölvukerfis lögreglunnar í Skógarhlíð endurnýjaður og það eykur til muna rekstraröryggið. Þá tók upplýsingatæknideildin að sér hýsingu og rekstur miðlægra kerfa fyrir öryggismyndavélar og neyðarhnappa æðstu stjórnar íslenska ríkisins.

Um mitt árið hófst innleiðing á Lync-samskiptakerfinu frá Microsoft. Það býður upp á aukna samskiptamöguleika innan lögreglunnar og tækifæri til að koma á fundum með hljóði og mynd innan víðnets lögreglunnar.

Spjaldtölvur í lögreglubifreiðar

Á þriðja ársfjórðungi hófust tilraunir með notkun spjaldtölva í lögreglubifreiðum í samstarfi við Símann. Komið var upp öruggum tengileiðum við upplýsingakerfi lögreglunnar á Internetinu í því skyni að koma til móts við þarfir lögreglumanna fyrir upplýsingar og vinnslu þeirra á vettvangi. Á síðari hluta ársins var samið við danska fyrirtækið Blue Fragments um smíði á smáforriti (e. app) sem vinnur með upplýsingarnar.

Breytingar á ökuskírteinakerfinu

Á fyrri hluta ársins voru gerðar miklar breytingar á ökuskírteinakerfinu vegna nýs samnings við ungverska fyrirtækið ANY og Öryggismiðstöðina um framleiðslu ökuskírteina fyrir Ísland næstu fjögur árin en heimilt er að framlengja samninginn um tvö ár.

Með nýjum framleiðanda ökuskríteina voru teknir upp nýir verkferlar við dreifingu skírteinanna um landið og það eykur skilvirkni og stýttir biðtíma umsækjenda eftir skírteinum.

Starfsemi almannavarnadeildar

Hjá almannavarnadeild ríkislögreglustjóra hófst árið 2013, líkt og því lauk, með önnum vegna óveðurs og snjóflóðahættu með tilheyrandi ófærð, rafmagnsleysi og truflunum á fjarskiptum. Mikið álag var á viðbragðsaðilum og starfsmönnum raforkufyrirtækja og Vega-gerðarinnar á fyrstu dögum ársins við að koma mikilvægum innviðum aftur í samt lag eftir verulega röskun. Miklir vatnavextir urðu á Vesturlandi, Suðurlandi og Suðausturlandi í lok febrúar. Þá var vonskuveður og ófærð í mars, vatnavextir og miklar leysingar voru í maí og júní, sérstaklega á Norðurlandi. Skriður féllu víða og ein þeirra lokaði veginum um Köldukinn. Í lok ágúst og í september, þegar bændur voru að smala, gekk mikið hvassviðri yfir landið norðan- og vestanvert. Mikil úrkoma og snjócoma var á heiðum og fjallvegum og var sérstakur viðbúnaður til að koma í veg fyrir fjárskaða sem svipað veður olli á sama tíma árið 2012. Í nóvember fékk atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið almannavarnadeildina til að samhæfa aðgerðir vegna síldarsmölunar í Kolgrafarfirði. Tilraunir til þess að koma í veg fyrir tjón á verðmætum voru gerðar til að fæla síld úr firðinum með hvalahljóðum og hvellhettum en verulegt tjón varð árið 2012 þegar mikið magn af síld drapst í firðinum við svipaðar aðstæður. Báru þessar tilraunir nokkurn árangur.

Tafla 5. Yfirlit yfir háska og viðbrögð árið 2013.

Mánuður	Háskastig	Staður	Háski	Aðgerð
Janúar	Óvissustig	Vestfirðir Miðnorðurland	Snjóflóðahætta	Viðvörðun
Janúar	Hættustig	Vestfirðir Miðnorðurland	Snjóflóðahætta	Rýming
Janúar	Óvissustig	Austfirðir	Snjóflóðahætta	Viðvörðun
Mars – apríl	Óvissustig	Hekla	Jarðhræringar	Viðvörðun Aukið upplýsingaflæði
Apríl	Óvissustig	Norðurland	Jarðhræringar	Viðvörðun Aukið upplýsingaflæði
Desember	Óvissustig	Norðanverðir Vestfirðir	Snjóflóðahætta	Viðvörðun
Desember	Hættustig	Ísafjörður Hnífsdalur Bolungarvík	Snjóflóðahætta	Rýming og SMS- skilaboð

Rannsóknarverkefnið FutureVolc

Almannavarnadeildin er þátttakandi í stóru samevrópsku rannsóknarverkefni sem nefnist FutureVolc. Markmiðið með verkefninu er að þróa nýjar leiðir til að meta eldgos, forboða þeirra, útbreiðslu gosefna og jafnframt að samþætta rannsóknir á eldfjöllum, vöktunarkerfi þeirra, viðbúnaði og viðbrögðum vegna eldgosa. Verkefni deildarinnar í þessu verkefni á árinu 2013 var gerð viðamikillar skoðanakönnunar þar sem ýmsir þættir vegna eldgosanna í Eyjafjallajökli og Grímsvötnum voru kannaðir. Leitað var til sérfræðinga í almannavörnum og stjórnsýslu, bæði hér heima og erlendis, vísindamanna, flugrekstrar- og ferðaþjónustuaðila, fjölmiðlafólks og fleiri til að fá skoðanir þeirra á ýmsu er varðar upplýsingagjöf og afleiðingar eldgosanna. Skýrsla með greiningu á gögnum verður gefin út á árinu 2014.

Samhæfingarstöðin

Breytingar voru gerðar á Samhæfingarstöð almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra í lok ársins og nýju skipulagi komið á stöðina. Í framhaldi af því var hafist handa við að þjálfa starfsfólk Samhæfingarstöðvarinnar í nýju verklagi. Um áramót höfðu um 60 manns verið þjálfaðir. Samhæfingarstöðin var virkjuð um 60 sinnum á árinu.

Heildarhættumat vegna eldgosa

Almannavarnadeildin tekur þátt í vinnu við heildarhættumat vegna eldgosa sem Veðurstofa Íslands leiðir. Verkinu er skipt í fjóra hluta: eldfjallauppflertirit, hættumat vegna eldgosa við þéttbýli, hættumat vegna sprengigosa og hættumat vegna flóða sem fylgja eldgosum.

Gerð viðbragðsáætlana árið 2013

Tafla 6. Yfirlit yfir viðbragðsáætlanir sem gerðar voru árið 2013.

Staðsetning	Tegund	Ný/uppfærð
Þingeyjarsýslur	Jarðskjálftar	Ný
Húsavík	Flugslysaáætlun	Ný
Húnaþing	Hópslysaáætlun	Ný
Vestmannaeyjar og Suðurland	Ferjuslys/Herjólfur	Ný
Höfuðborgarsvæðið og Vesturland	Viðbragðsáætlun fyrir Hvalfjarðargöng	Uppfærð
Suðurland	Eldgos í Eyjafjallajökli og Mýrdalsjökli	Uppfærð
Ísafjörður	Flugslysaáætlun	Uppfærð
Akureyri	Flugslysaáætlun	Uppfærð
Þórshöfn	Flugslysaáætlun	Uppfærð
Reykjavík	Flugslysaáætlun	Uppfærð
Þingeyri	Flugslysaáætlun	Uppfærð
Vestmannaeyjar	Flugslysaáætlun	Uppfærð

Almannavarnaæfingar árið 2013


Tafla 7. Yfirlit yfir almannavarnaæfingar sem fóru fram árið 2013.

Staður	Tegund æfingar	Vettvangur
Ísafjörður	Vettvangsæfing	Flugslys
Akureyri	Vettvangsæfing	Flugslys
Húsavík	Vettvangsæfing	Flugslys
Þórshöfn	Vettvangsæfing	Flugslys
Vestmannaeyjar, Hvolsvöllur og Selfoss	Skrifborðsæfing	Ferjuslys
Grænland	Vettvangsæfing	Skemmtiferðaskip
Húsavík	Vettvangsæfing	Jarðskjálfti
Borgarfjörður	Vettvangsæfing	Hópslys

Starfsemi fjarskiptamiðstöðvar ríkislögreglustjóra

Markmið til lengri tíma er að þjálfa starfsmenn fjarskiptamiðstöðvarinnar varðandi verkþætti innan Samhæfingarstöðvar almannavarna og hófst sú þjálfun á haustmánuðum og stendur fram á árið 2014. Er það eitt af samstarfsverkefnum milli deilda innan embættis ríkislögreglustjóra. Fjarskiptamiðstöðin hefur sameiningarhlutverk fyrir lögreglu í ákveðnum aðgerðum, þ.e. aðgerðum í framhaldi af tilkynningu sem kallar á virkjun almannavarnakerfisins. Stjórnun fyrstu aðgerða er í höndum starfsmanna fjarskiptamiðstöðvar þar til ljóst er hver tekur við stjórnun aðgerða hjá viðkomandi lögregluembætti. Fjarskiptamiðstöðin sinnir föstum verkefnum á sviði löggæslu, kennslu lögreglunema og móttöku gesta annarra löggæslustofnana.


Fjarskiptamiðstöðin afgreiðir öll símtöl til lögreglu sem berast í gegnum 112. Verkefnatengdum símtölum til lögreglu hefur fækkað á milli ára (sjá mynd 3).



Mynd 3. Fjöldi símtala til fjarskiptamiðstöðvar eftir árum.

Verkefni sérsveitar

Samtals voru skráð 309 sértæk verkefni hjá sérsveitinni árið 2013 þar sem þjálfun og búnaður sveitarinnar var nýttur með einum eða öðrum hætti í flestum lögregluumdæmum landsins. Af þessum 309 verkefnum sérsveitarinnar voru sérsveitarmenn vopnaðir skotvopnum í 83 tilfellum. Sjá nánar á mynd 4 og töflu 8.




Mynd 4. Fjöldi sértækra verkefna sérsveitarinnar eftir eðli verkefna árið 2013.

Tafla 8. Nánari útlístun á eðli sértækra verkefna sérsveitarinnar árið 2013.

Fjöldi	Sértæk verkefni sérsveitar	Námar
128	Aðstoð við lögregluembættin	Aðallega vopnaðar lögregluaðgerðir og handtaka hættulegra manna. Flestar beiðnir komu af höfuðborgarsvæðinu, eða 13. Fangaflutningar voru 43. Tilfelli þar sem löggæsla var styrkt með almennum hætti voru 72.
65	Vopnatilvik	Í 31 tilfelli var um að ræða tilkynningar vegna egg- eða stunguvopna. Tilkynningar vegna einstaklinga sem voru vopnaðir skotvopnum voru 30 talsins. Í fjórum tilfellum var um önnur vopn að ræða.
59	Kennsla	Þjálfun lögreglumanna, lögreglunema, annarra viðbragðsaðila og einkaaðila. Viðfangsefni voru mannfjöldastjórnun, skotvopnaþjálfun, öryggismál og hafnar- og flugvernd.
24	Sprengjur	Eyðing á sprengiefni og sprengjuleit vegna opinberra heimsókna.
20	Öryggisgæsla	Fylgd vegna eyðingar hættulegra efna/hluta, gæsla borgara vegna ógnunar frá öðrum, gæsla innlendra og erlendra gesta, sérstakt eftirlit með opinberum byggingum og peningaflutningar.
11	Annað	Fortölur og björgunarverkefni.
2	Köfun	Leit að týndu fólki.

Almenn löggæsluverkefni sérsveitar

Samtals voru skráð 3.258 almenn löggæsluverkefni sem unnin voru af sérsveitinni árið 2013 til viðbótar við sértæk verkefni sveitarinnar. Flest verkefni sneru að handtökum, heimilisofbeldi og eftirliti. Sjá nánari skiptingu á mynd 5 og töflu 9.



Mynd 5. Fjöldi almennra löggæsluverkefna sérsveitarinnar eftir eðli verkefna árið 2013.

Tafla 9. Nánari sundurliðun á almennum löggæsluverkefnum sérsveitarinnar árið 2013.

Fjöldi	Almenn löggæsluverkefni sérsveitarinnar	Nánar
2.647	Verkefni	Aðstoð, handtökur, heimilisofbeldi, tilkynningar, öryggisefirlit með æðstu stjórn ríkisins (563), öryggisefirlit með sendiráðum (581), eftirlit með vélhjólaklúbbum (103), eftirlit með umferð (213).
259	Umferðarlagabrot	Í lögregluumdæmum landsins.
147	Sérrefsilagabrot	Í lögregluumdæmum landsins.
125	Hegningarlagabrot	Í lögregluumdæmum landsins.
80	Önnur verkefni	Brunar, slys, umferðaróhöpp.

Brottvísanir og frávísanir refsifanga og hælisleitenda

Daglegum verkefnum alþjóðadeildar ríkislögreglustjóra fjölgar sífellt. Stærstur hluti erinda er afgreiddur að fullu innan alþjóðadeildarinnar en hluti erinda er sendur til afgreiðslu hjá hlutaðeigandi samstarfsaðilum og lögregluembættum. Á árinu 2013 sáu starfsmenn alþjóðadeildar 72 sinnum um lögreglufylgd þar sem 154 einstaklingum var fylgt til og frá Íslandi, þar af voru 13 skipti vegna framsals eða afhendingar sakamanna. Í maímánuði vísaði

alþjóðadeild í fyrsta skipti hópi einstaklinga frá landinu með því að leigja til þess flugvél og í desember bar alþjóðadeild í fyrsta skipti ábyrgð á framkvæmd á sameiginlegri endursendingu (JRO) til þriggja landa undir merkjum Frontex, Landamærastofnunar Evrópu.

Upplýsingatækni og skrásetning verkferla alþjóðadeildar

Um mitt árið 2013 lauk útfærslu á gagnvirkum upplýsingabrunni alþjóðadeildar sem deildin kemur til með að starfrækja á innri vef lögreglunnar. Upplýsingabrunnurinn nefnist Alþjóðawiki og er ætlaður starfsmönnum deildarinnar, sem og lögreglumönnum og samstarfsaðilum. Með tilkomu Alþjóðawikis verða upplýsingar um starfsemi og þjónustu alþjóðadeildarinnar og um alþjóðlegt samstarf lögreglu og samstarfsaðila hennar gerðar aðgengilegri en áður hefur verið. Jafnframt verður ferli beiðna um þjónustu og aðstoð deildarinnar markvissara og einfaldara. Stefnt er að því Alþjóðawiki verði opnað á árinu 2014. Samhliða gerð Alþjóðawikis hefur verið unnið að því að formfesta starfsemi og hlutverk alþjóðadeildar, afgreiðslu verkefna hennar og skrásetja verkferla hjá henni og vinnuleiðbeiningar, jafnt fyrir starfsmenn deildarinnar og samstarfsaðila. Í apríl 2013 var SIS II, upplýsinga- og samskiptakerfi Schengen-samstarfsins, tekið í notkun. Jafnframt var tekið í notkun nýtt kerfi til að fletta upp upplýsingum um áhafnir og farþega skipa er koma til Íslands frá ríkjum utan Schengen-svæðisins.

Menntun og þjálfun starfsmanna alþjóðadeildar

Áfram var unnið að því að viðhalda og auka viðurkennda menntun og þjálfun starfsmanna alþjóðadeildarinnar. Sjö starfsmenn sóttu sex námskeið sem m.a. lutu að því að þjónusta og vinna við upplýsinga- og samskiptakerfi og efla þekkingu á starfsemi samstarfsaðila og framkvæmd lögreglufylgdar. Jafnframt hafa starfsmenn í auknum mæli sótt menntun og þjálfun með vefnámskeiðum hjá Evrópska lögregluskólanum, CEPOL, og öðrum samstarfsaðilum. Alþjóðadeild heldur vinnu- og kynningarfundum með öllum helstu samstarfsaðilum og viðskiptavinum á árinu 2014 í því skyni að efla gagnkvæma þekkingu og samstarf.

Bakgrunnsathuganir og öryggisvottanir

Ríkislögreglustjóri starfrækir greiningardeild sem rannsakar landráð og brot gegn stjórnskipan ríkisins og æðstu stjórnvöldum þess og leggur mat á hættu á hryðjuverkum og skipulagðri glæpastarfsemi.

Stefnumiðaðar greiningar og fyrirbyggjandi verkefni eru stór þáttur í starfsemi greiningardeildarinnar. Embætti ríkislögreglustjóra framkvæmir bakgrunnsskoðanir þeirra sem starfa og fara um fara um sérstök haftasvæði vegna siglingaverndar og á grundvelli varnarmálalaga og annast útgáfu öryggisvottana vegna aðgangs að trúnaðarupplýsingum. Einnig hefur embætti ríkislögreglustjóra, ásamt lögreglustjóranum á Suðurnesjum, annast framkvæmd bakgrunnsathugana vegna flugverndar.

Innan greiningardeildarinnar er einnig sinnt verkefnum sem áður féllu undir Varnarmálastofnun. Þau verkefni lúta einkum að forsvari á sviði borgaralegra öryggismála (e. National Security Authority), öryggisvottunum vegna einstaklinga og bygginga eða aðstöðu, bakgrunnsskoðunum, vöktun og skýrslugerð varðandi erlenda atburði, einkum ófrið og samfélagslega upplausn sem haft geta áhrif á Íslandi og íslenska hagsmunum í víðtækum skilningi.

Unnið er að því að auka þekkingu innan greiningardeildarinnar á sviði varna gegn tölvu- og netglæpum. Síðla árs 2013 var sérfræðingur á þessu sviði ráðinn til starfa við deildina.

Tafla 10. Fjöldi verkefna greiningardeildar árið 2013.

Verkefni	Fjöldi
Bakgrunnsathuganir vegna flug- og siglingaverndar	660
Öryggisvottanir vegna NATO-samstarfsins	271
Önnur tilfallandi mál	131
Alls	1062

Greiningardeildin annast alþjóðlegt samstarf við erlendar öryggisstofnanir og lögreglulið. Mikilvægur liður í því samstarfi er viðleitni til að hefta umsvif skipulagðra glæpahópa hér á landi. Megináhersla er lögð á norrænt samstarf lögreglu og tollgæslu (PTN, Politi og Told i Norden) í baráttunni gegn skipulagðri glæpastarfsemi. Markmiðið með þessu samstarfi er að Norðurlöndin vinni saman í baráttunni gegn skipulagðri glæpastarfsemi bæði í einstökum málum

og stefnumiðuðum greiningum í málaflokkum sem tengjast á milli landanna.

Kennslanefnd

Á árinu 2013 bárust kennslanefnd fjögur mál til úrlausnar. Að öðru leyti var starf nefndarinnar með hefðbundnum hætti en nú stendur yfir endurskoðun á verklagi og búnaði hennar.


Tengslafulltrúi hjá Europol

Þann 9. desember 2013 var undirritaður samstarfssamningur um starf tengifulltrúa Íslands hjá Evrópsku lögregluskrifstofunni, EUROPOL. Ríkislögreglustjóri, tollstjóri, lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu, lögreglustjórinn á Suðurnesjum og sérstakur saksóknari gerðu með sér samstarfssamning um starf þessa tengifulltrúa með fasta viðveru í Haag, sbr. samning milli lýðveldisins Íslands og Evrópsku lögregluskrifstofunnar dags. 28. júní 2001.

Móttaka tilkynninga um ætlað peningabætti

Peningabættisskrifstofu ríkislögreglustjóra barst 491 tilkynning frá tilkynningarskyldum aðilum árið 2013 og er að það fjölgun frá fyrra ári, sjá mynd 6. Af þeim voru voru 254 sendar lögregluembættum til þóknanlegrar meðferðar.

Tilkynningum og fyrirspurnum til peningabættisskrifstofu frá lögregluembættum hefur fjölgað talsvert og önnur þjónusta skrifstofunnar við embættin var jafnframt aukin. Samskipti við erlendar peningabættisskrifstofur (*Egmont Secure Web*) voru þónokkur á árinu. Eitt af hlutverkum peningabættisskrifstofu er að veita fræðslu um peningabætti og stóð skrifstofan fyrir þremur kynningum fyrir tilkynningarskylda aðila á árinu.



Mynd 6. Fjöldi tilkynninga til peningaþvættisskrifstofu á árunum 2011 til 2013.

Sérstakt umferðareftirlit

Samkvæmt gildandi samgönguáætlun er til framkvæmdaráætlun um sérstakar aðgerðir sem eiga að leiða til fækkunar slysa og minni byrðar samfélagsins af þeim. Embætti ríkislögreglustjóra voru veittar 52 milljónir árið 2013 til verkefnisins. Skiptist fjármagnið þannig að til sérstaks umferðareftirlits var varið 33 milljónum og tóku 13 lögregluembætti þátt í eftirlitinu frá maí og fram til september. Var hraðakstur sérstaklega vaktaður en áhersla var lögð á vegi þar sem vegagerðin hefur greint áhættusama vegarkafila. Jafnframt því voru gerðar athugasemdir við önnur umferðarlagabrot sem uppgötvuðust í eftirlitinu. Alls voru brotin 2.044, þar af 1.730 vegna hraðaksturs, eða um 85%. Önnur brot voru 314. Sérstakt umferðareftirlit vegna ölvunar fór fram í desember og tóku fjögur lögregluembætti þátt í því. Fimm milljónum króna var ráðstafað til þessa verkefnis.

Stafrænar hraðamyndavélar

Fyrstu hraðamyndavélarinnar hér á landi, tvær að tölu, voru settar upp í Hvalfjarðarsveit í júlí 2007. Frá þeim tíma hefur 16 myndavélum verið bætt við.

Tafla 11. Skráð hraðakstursbrot síðastliðin þrjú ár.

Ár	Skráð brot	% skráðra brota	Meðalfjöldi brota á dag	Virkar myndavélar
2011	13.238	52,3%	36	15
2012	18.887	59,8 %	52	17
2013	13.047	53,8%	36	18

Þróun afbrota

Í október 2013 var gefin út skýrslan Afbrotatölfræði 2012 þar sem birtar voru staðfestar tölur um afbrot greind eftir brotaflokkum og lögregluembættum, auk upplýsinga um magn fíkniefna sem lagt var hald á. Afbrotatíðindi eru birt mánaðarlega á vef lögreglunnar en þau eru stuttar samantektir um brot í hverjum mánuði, auk annarrar greiningar á brotum tengdum málefnum líðandi stundar (sjá töflu 12).

Tafla 12. Fjöldi brota árið 2012 miðað við meðaltal áranna á undan, eftir brotaflokkum.

Brotaflokkur	Meðaltal	
	2009–2011	2012
Ofbeldisbrot	1.136	1142
Kynferðisbrot	335	367
Auðgunarbrot	8.409	6.439
Fíkniefnabrot	1.561	2.049
Umferðarlagabrot	50.106	45.525
Eignaspjöll	2.835	2.062
Nytjastuldur	439	302
Brot gegn friðhelgi einkalífs	547	596
Skjalafals	283	265
Brot gegn áfengislögum	683	644
Brot gegn valdstjórninni	321	358
Önnur brot	2.155	2.088

Embætti ríkislögreglustjóra tók, ásamt embætti landlæknis, menntamálaráðuneytinu, velferðarráðuneytinu og Háskóla Íslands, þátt í að kortleggja stöðu ofbeldisvarna á Íslandi fyrir Alþjóðaheilbrigðismálastofnunina (WHO). Framlag ríkislögreglustjóra fólst í að gefa upp tölfræði yfir ofbeldisbrot ásamt því að útlista með hvaða hætti lögreglan starfar að því að draga úr eða koma í veg fyrir ofbeldi.

Á árinu 2013 kannaði Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands reynslu landsmanna af afbrotum og viðhorfi til lögreglu að beiðni embættis ríkislögreglustjóra og embættis lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Niðurstöður könnunarinnar á landsvísu verða birtar 2014.

Eftirlit og öryggi stjórnarráðsins

Þann 1. júní 2013 tók embætti ríkislögreglustjóra við öryggismálum og öryggisgæslu í forsætisráðuneytinu en fram til þessa hafði embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu sinnt þar mannaðri

gæslu. Hlutverk öryggisstjóra innan stjórnarráðsins er meðal annars eftirfarandi:

- Áætlanagerð á sviði öryggismála og þjálfun starfsfólks stjórnarráðsins.
- Vöktun vegna funda ríkisstjórnarinnar og funda ráðherranefnda.
- Umsjón og aðkoma að öryggismálum æðstu stjórnar ríkisins.

Starfsmenn lögreglu

Fjöldi lögreglumanna við störf 1. febrúar 2013

Tafla 13. Fjöldi lögreglumanna 1. febrúar 2013, greindur eftir starfsstigi og embættum.

Umdæmi/embætti	Yfirlögregluþjónn	Aðstoðaryfirlögregluþjónn	Lögreglufulltrúi	Aðalvarðstjóri	Rannsóknarlögreglumaður	Varðstjóri	Lögreglumaður	Afleysingamaður	Samtals starfandi lögreglumenn	Héraðslögreglumaður	Lögreglunemi	Alls
Akranes	1	0	1	0	1	3	3	0	9	0		9
Akureyri	1	0	1	2	4	7	15	2	32	2		34
Blönduós	1	0	0	0	0	3	1	0	5	6		11
Borgarnes	1	0	0	1	0	4	2	0	8	10		18
Eskifjörður	1	0	1	0	0	3	8	0	13	0		13
Húsavík	1	0	0	0	0	3	3	0	7	4		11
Hvolsvöllur	1	0	0	0	0	2	5	0	8	2		10
Höfuðborgarsvæðið	3	11	23	8	91	54	107	0	297	0		297
Lögregluskólinn	2	0	5	0	0	0	0	0	7	0		7
Ríkislögreglustjórnin	2	7	9	16	0	19	23	0	76	0		76
Sauðárkrúkur	1	0	0	0	0	2	4	0	7	0		7
Selfoss	1	1	1	0	3	6	12	0	24	0		24
Seyðisfjörður	1	0	1	0	0	2	2	0	6	5		11
Sérstakur saksóknari	2	1	38	0	0	0	1	0	42	0		42
Snæfellsnes	1	0	1	0	0	2	2	0	6	0		6
Suðurnes	1	6	7	8	14	16	29	0	81	0		81
Vestfirðir	1	1	1	0	1	5	9	0	18	0		18
Vestmannaeyjar	1	0	1	0	0	4	2	0	8	0		8
Samtals	23	27	90	35	114	135	228	2	654	29	0	683

Tafla 14. Fjöldi lögreglumanna við störf 1. febrúar 2013, greindur eftir starfsstigi og kyni.

Starfsstig	Karl	Kona	Samtals	Hlutfall karla	Hlutfall kvenna
Yfirlögregluþjónn	23	0	23	100,0%	0,0%
Aðstoðaryfirlögregluþjónn	26	1	27	96,3%	3,7%
Aðalvarðstjóri	34	1	35	97,1%	2,9%
Lögreglufulltrúi	73	17	90	81,1%	18,9%
Varðstjóri	128	7	135	94,8%	5,2%
Rannsóknarlögreglumaður	96	18	114	84,2%	15,8%
Lögreglumaður	190	38	228	83,3%	16,7%
Samtals	570	82	652	87,4%	12,6%
Héraðslögreglumaður	24	5	29	82,8%	17,2%
Afleysingamaður	2	0	2	100,0%	0,0%
Samtals	596	87	683	87,3%	12,7%


Fjöldi auglýstra staða lögreglumanna árið 2013

Árið 2013 voru með 36 auglýsingum auglýstar alls 74 stöður lögreglumanna, þar af 31 tímabundin staða lögreglumanns og 43 til skipunar.

Lausn frá embætti

Alls óskuðu 32 lögreglumenn eftir lausn frá embætti árið 2013, þar af 30 karlar og 2 konur. Af þeim óskuðu 60% eftir lausn frá embætti vegna aldurs.

Ástæða fyrir lausn frá embætti árið 2013



Mynd 7. Uppgefin ástæða fyrir lausn frá embætti árið 2013.

* Öll starfsstig lögreglu. Innanríkisráðuneytið veitti upplýsingar um lausn frá embætti yfir- og aðstoðaryfirlögregluþjóns.

Félagastuðningur og handleiðsla

Öll lögregluembætti landsins starfa eftir verklagi félagastuðnings og tryggja að hugað sé að starfsfólki og að haldnir séu viðrunarfundir í kjölfar streituvekjandi verkefna. Stuðningur fagfólks er mikilvægur þáttur í félagastuðningskerfi lögreglunnar og árið 2013 fengu 43 starfsmenn greidda sálfræðiþjónustu í gegnum félagastuðningskerfið. Sálfræðingar sálfræðiþjónustunnar Líf og sál sinntu flestum starfsmönnum samkvæmt samningi en lögreglumönnum er einnig heimilt að velja sér löggiltan sérfræðing. Síðastliðin ár hafa, auk sálfræðinga, geðlæknar, fjölskylduráðgjafar og prestar veitt

lögreglumönnum stuðning í gegnum tilvísanakerfi félagastuðningsins sem er í umsjón sálfræðings embættis ríkislögreglustjóra. Hlutfall þess að lögreglumenn sæktust eftir sálfræðiþjónustu var hið sama árið 2013 og fyrri ár. Sú breyting varð á árinu að ekki var haldið námskeið í framhaldsdeild Lögregluskólans fyrir starfandi lögreglumenn en þjálfun í streitu- og tilfinningastjórn fór fram í grunnnámi skólans.

Skilvirk úrræði fyrir þolendur kynferðisbrota

Samráðshópur forsætisráðherra um samhæfða framkvæmd stjórnvalda við að tryggja skilvirk úrræði fyrir þolendur kynferðisbrota, einkum börn, óskaði eftir tillögum frá embætti ríkislögreglustjóra um reglubundna handleiðslu við starfsfólk sem sinnir rannsóknum og saksókn á kynferðisbrotum gegn börnum. Samráðshópurinn fór að tillögum embættisins og lagði til að umsjón með skipulagi handleiðslunnar yrði í höndum sálfræðings embættis ríkislögreglustjóra til að unnt væri að tryggja faglega handleiðslu með kröfufýsingu á sjálfstætt starfandi sálfræðinga, sem sinna handleiðslunni. Á fjárlögum ársins 2013 fékkst fjárveiting til verkefnisins og gert er ráð fyrir að samið verði við sjálfstætt starfandi sálfræðinga til að sinna þessu verkefni samkvæmt verklagsreglu.

Jafnréttismál

Jafnréttisnefnd lögreglunnar hélt fjóra fundi árið 2013 og í október hittu nefndin jafnréttisfulltrúa lögreglustjóraembættanna á sínum árlega fundi. Í apríl réðst embætti ríkislögreglustjóra, í samstarfi við námsbraut í kynjafræði við Háskóla Íslands, í rannsókn á vinnumenningu og kynjatengslum innan lögreglunnar. Markmiðið með rannsókninni var að varpa ljósi á hvers vegna svo fáar konur eru í lögreglunni sem raun ber vitni. Í maí var öllum starfandi lögreglumönnum sendur spurningalisti sem tók til líðanar og samskipta í starfi, samspils vinnu og einkalífs, eineltis, kynferðislegrar áreitni og viðhorfa til karla og kvenna í lögreglunni. Í október voru niðurstöður rannsóknarinnar kynntar í skýrslu og lagði skýrsluhöfundur fram tillögur að úrbótum. Fram komu ýmsar vísbendingar um vinnumenningu lögreglunnar sem ríkislögreglustjóri taldi ástæðu til að bregðast við og lagði ríkislögreglustjóri til að ráðist yrði í eftirfarandi aðgerðir.

- Skipaður yrði starfshópur sem hefði það hlutverk að vinna tillögur að samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða í allri stefnumótun og ákvörðunum lögreglunnar.
- Gagnsæi um framgang í starfi yrði aukið. Frá og með 1. nóvember hefur embætti ríkislögreglustjóra birt yfirlit yfir kynjahlutfall umsækjenda um auglýst störf og stöðuveitingar sem ríkislögreglustjóri fer með veitingarvald yfir.
- Komið yrði á fót fagráði skipuðu utanaðkomandi aðilum sem tekur til umfjöllunar mál er varða beina og óbeina mismunun, kynbundna áreitni, kynferðislega áreitni, kynbundið ofbeldi og einelti innan lögreglunnar.
- Jafnréttisnefnd lögreglunnar var falið að endurskoða jafnréttis- og framkvæmdaáætlun lögreglunnar í samræmi við niðurstöður ofangreindrar rannsóknar.
- Komið yrði á öflugri og reglulegri fræðslu um jafnréttismál. Stefnt er gerð úttektar á því hvernig staðið er að fræðslu innan lögreglunnar.

Viðburðir, ráðstefnur og erlent samstarf

1. **Árlegur fundur upplýsingatæknideilda lögreglu á Norðurlöndunum í Reykjavík 18.–19. apríl.** Upplýsingatæknideildir lögreglunnar á Norðurlöndum hafa sinnt árlegu samstarfi og upplýsingatæknideild RLS hefur verið þátttakandi í þessum samstarfi frá 1998. Nú buðu Íslendingar heim og á þessum fundi kom fram að staða lögreglunnar á Íslandi hefur breyst í samanburði við lögreglu nágrannaþjóðanna og stendur lögreglan á Íslandi þeim að sumu leyti framar hvað varðar upplýsingakerfi og úrvinnslumöguleika.
2. **Árlegur fundur norræna afbrotavarnaráðsins í Horten 29.–31. maí.** Fundur norræna afbrotavarnaráða var haldinn í Horten í Noregi dagana 29.–31.maí 2013 og sótti verkefnastjóri afbrotatölfræði fundinn. Þar var fjallað almennt um afbrotatíðni og afbrotavarnir á Norðurlöndunum en einnig kynntu þjóðirnar helstu verkefni og rannsóknir sem eru í gangi hjá þeim.

3. **Norrænn fundur um umferðaröryggismál (SANT) í Reykjavík í mars.** Embætti ríkislögreglustjóra tekur þátt í samstarfi ríkislögreglustjóra á Norðurlöndum um umferðaröryggismál. Í ár var fundurinn haldinn á Íslandi.
4. **Málþing um árangursstjórnun í Kaupmannahöfn í apríl.** Danskí ríkislögreglustjórinn stóð fyrir málþingi um árangursstjórnun innan dönsku lögreglunnar.
5. **Fundaröð þar sem niðurstöður rannsóknar á vinnumenningu og kynjatengslum lögreglunnar og úrbætur ríkislögreglustjóra voru kynntar í október 2013.** Haldnir voru sex fundir þar sem niðurstöður þessarar rannsóknar voru kynntar fyrir starfsmönnum lögreglu og öðrum hlutaðeigandi aðilum, s.s. fulltrúum innanríkisráðuneytisins.
6. **Vinnuhópur um samnorræna afbrotatölfræði í Kaupmannahöfn 18. desember.** Á þessum fundi hófst norrænt samstarf um útgáfu samanburðarhæfrar afbrotatölfræði milli Norðurlandanna. Áherslan í fyrstu útgáfu verður á þjófnað og innbrot en sú samantekt kemur til með að verða gefin út á fyrri hluta ársins 2014.
7. **Árlegur yfirmannafundur sérsveita á Norðurlöndum í Helsinki í nóvember.** Fundurinn er mikilvægur vettvangur fyrir sameiginleg málefni sérsveitanna á sviði þjálfunar, búnaðar og skipulags.
8. **Sérsveitarmenn sóttu nokkur námskeið í Noregi** vegna nýliðaðþjálfunar, skotþjálfunar og aðgerða á sjó.
9. **Námskeið fyrir riffilskyttur sérsveita á Norðurlöndunum á Íslandi í september.** Allar sérsveitir á Norðurlöndum tóku þátt í námskeiðinu, auk þýsku sérsveitarinnar GSG9 og riffilskyttna frá danska sjóhernum.
10. **Norrænir fundir yfirmanna miðlægra greiningardeilda lögreglu og tollgæslu (PTN-samtarfið) í Kaupmannahöfn í febrúar og í Stokkhólmi í september.** Á þessum fundum var fjallað um norrænt samstarf lögreglu og tollgæslu í baráttunni gegn skipulagðri glæpastarfsemi. Farið var yfir helstu verkefni og rannsóknir sem eru í gangi.
11. **Norrænn fundur um vitnavernd í Stokkhólmi í maí.** Á þessum fundi var rætt um það helsta sem er að gerast í vitnaverndarmálum á Norðurlöndunum. Farið var yfir einstök mál og þær aðferðir sem beitt er á þessum vettvangi. Einn fulltrúi

greiningardeildar ríkislögreglustjóra sótti fundinn. Íslenskur fulltrúi gegndi ekki formennsku árið 2013.

12. **Samstarfshópur lögreglu í Evrópu um varnir gegn hryðjuverkum (PWGT, Police Working Group on Terrorism) í Vínarborg í nóvember.** Um er að ræða samstarf 31 þjóðar, auk Europol, á vettvangi varna gegn hryðjuverkum. Markmiðið er að efla bein tengsl Evrópuþjóða á sem skilvirkastan hátt. Þetta samstarf hefur varað í 34 ár og haldnir eru tveir fundir á ári. Einn fulltrúi greiningardeildar sótti fundinn. Íslenskur fulltrúi gegndi ekki formennsku árið 2013.
13. **Námskeið í notkun greiningarforrits (iBase) hjá Europol í Haag í apríl.** Tveir starfsmenn greiningardeildar ásamt fulltrúum frá sérstökum saksóknara, lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, lögreglunni á Suðurnesjum, lögreglunni á Akureyri og sérveit ríkislögreglustjóra sóttu námskeiðið. Markmiðið með því var að efla færni í notkun forritsins. Forritið nýtist lögreglu meðal annars við greiningarvinnu á skipulagðri brotastarfsemi.
14. **NORDRED.** Tveir fundir voru haldnir varðandi samstarf Norðurlandanna á sviði almannavarna.
15. **Forstöðumenn almannavarna á Norðurlöndum.** Árlegur fundur var haldinn á Íslandi í júní.
16. **Samstarf almannavarna í Evrópu.** Tveir fundir voru haldnir í almannavarnanefnd samstarfsins í Brussel. Auk þess fóru 8 manns frá Íslandi til þjálfunar á vegum samstarfsins víða í Evrópu.
17. **Samstarf EFTA-ríkjanna í almannavörnum.** Fulltrúi ríkislögreglustjóra sótti einn fund í Brussel í október.
18. **HAGA-samstarfið.** Tveir fundir voru haldnir í Kaupmannahöfn um samskipti á neyðartímum.
19. **NOFOPS í Reykjavík í apríl.** Fundur var haldinn um samstarf lögreglu á Norðurlöndum í Reykjavík í apríl. Ríkislögreglustjóri fór með formennsku árið 2013.
20. **Norrænir fundir yfirmanna alþjóðadeilda lögreglu og tollgæslu (PTN-samtarfið),** haldinn í Danmörku í apríl.
21. **Árlegur yfirmannafundur Interpolskrifstofa.** Haldinn í Lyon í apríl.
22. **Fundur vararíkislögreglustjóra Norðurlandanna,** haldinn á Íslandi í maí.

23. **Interpol – European Regional Conference.** Árlegur fundur yfirmanna Evrópuríkja Interpol sem var haldinn í Ungverjalandi í maí.
24. **European Day for Border Guards** og samráðsfundur vegna lögreglufylgdar á vegum Frontex (landamærostofnun Evrópu), haldinn af Frontex í Póllandi í maí og desember.
25. **Fundur yfirmanna SIRENE-samstarfsins**, haldinn á vegum Schengen-samstarfsins á Írlandi í júní og í Litháen í október.
26. **Fundur ríkislögreglustjóra Norðurlandanna**, haldinn á Íslandi í ágúst.
27. **Fundur Eurodac Contact Committee**, haldinn vegna nýrrar Dublin-reglugerðar í Brussel í september. Fulltrúi ríkislögreglustjóra sótti fundinn að beiðni innanríkisráðuneytisins og Útlendingastofnunar.
28. **UEFA Champions League and Europe League Stadium and Security Meeting.** Árlegur fundur landstengiliða vegna fótboltabullna („hooliganisma“), haldinn í Póllandi í september.
29. **Aðalfundur Interpol (General assembly)**, árlegur fundur æðstu yfirmanna sem haldinn var Kólumbíu í nóvember.
30. **Fundur Nordic Network for Research in Psychology and Law (NNPL)**, haldinn í Árósum í október. Framlag embættisins var erindi um langtímarannsókn á heiðarleika lögreglunema.

Summary in English

- In 2013 the National Commissioner of the Icelandic Police put special emphasis on quality management and reforms. The values of the office were decided; professionalism, trust and cooperation.
- The National Commissioner of the Icelandic Police hired a new record manager in November 2013.
- The National Commissioner of the Icelandic Police had a staff of 110, thereof 75 policemen.
- The number of employed policemen on the 1st of February 2013 was 683. 32 policemen requested to be released from duty, the majority due to retirement.

The Icelandic Police owns 143 vehicles, two fewer than in 2012. The total of driven kilometres amounted to 3.423.578, a reduction of 38% since 2007. The average age of vehicles is 4 years.

The IT Department of the police supervises the local wide area police network, the joint IP telephone system as well as all central police systems. The department distributes software to police districts in Iceland. The users of the police network are around 1.100 in 65 facilities. In the first quarter a new Schengen information system was launched. In mid 2013 introduction of the Lync instant messenger client from Microsoft began which offers increased opportunities for communication within the police and an opportunity to have virtual meetings within the police network.

- Experimental use of tablet PC's in police vehicles began in cooperation with Síminn telecom.
- Considerable changes were made to the driving license system increasing efficiency and reducing the waiting period for new licenses.
- Civil protection alert level was most commonly declared due to risk of avalanches, especially in the Western Fjords.
- Civil protection alert level was twice declared due to seismic activities, on one occasion due to seismic activity around Mt. Hekla and on another occasion due to seismic activities north of Iceland.
- Adverse weather conditions in Iceland at the end of the year affected road safety with risk of avalanches and power cuts in North-Iceland, Northeast-Iceland and in the Western fjords. Inhabitants of defined areas were informed of the situation by SMS message.
- In 2013 an extensive survey, which is one part of a large scale research project called Future Volc, was conducted. The survey tapped into diverse of the volcanic eruptions in the Westman Islands and Grimsvotn were examined.
- Considerable changes were made to the Situation Centre of the Civil Protection Department with subsequent crew training.

- The Civil Protection Department participated in work on the total risk evaluation for volcanic eruptions lead by the Icelandic Meteorological Office.
- A number of new contingency plans were issued in 2013, in relation to earthquakes, air disasters and marine casualties.
- The Police Telecommunications Centre is tasked with permanent projects in the field of law enforcement, teaching police students and the reception of guests from other law-enforcement services. The number of task-related calls to the police has reduced over the past years, with 94.698 calls in the year 2010 as apposed to 66.420 in 2013. .
- In 2013, 309 specific tasks and 3.258 general tasks were registered for the Counter Terrorist Unit (CTU). The general tasks mainly included arrests, domestic violence and surveillance.
- The number of daily tasks dealt with by the International Department have constantly increased the past years. A total of 72 police escorts took place in 2013, involving 154 individuals escorted to and from Iceland.
- The International Department finished developing an interactive information website called “International Wiki” that is available on the police intranet.
- The National Commissioner of the Icelandic Police conducts background checks due to maritime security on the basis of the Defence Act and issues security clearances for handling of classified information. A total of 660 background checks due to air and maritime security were conducted in 2013.
- The money laundering office of The National Commissioner of the Icelandic Police received 491 notifications from reportable parties in 2013 which is a considerable increase from the previous year where 352 notifications were received.
- In 2013, 18 digital speed cameras were in use, capturing in all 13.047 traffic offenses which amounts to around 36 offenses on average each day. Digital speed cameras were first installed in Iceland in 2007.

- Each month The National Commissioner of the Icelandic Police publishes on its website a short report on crime statistics. An annual crime statistics report is issued. This year it was issued in August. The largest number of offences are traffic offences.
- In June the National Commissioner of the Icelandic Police became the competent authority for protection and security matters in the Prime Minister's Offices.
- All police offices work according to the procedures of peer support and in addition all police officers have access to free psychological support from private psychologists.
- The National Commissioner of the Icelandic Police initiated research on work culture and gender relations within the police in cooperation with the University of Iceland.
- A number of meetings and events were both held and attended by the National Commissioner of Police in Iceland in 2013.

